**Ed.** **349. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum um vörutoll nr. 30, 22. október 1912.

Nefndin hefir athugað frv. þetta eins og það liggur fyrir frá hv. Nd. og ræður hv. deild til þess, að samþykkja frv. með eftirfarandi breytingum, sem gerð verður grein fyrir við framsögu málsins.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. 4. málsgr.:
   a) Á eftir orðinu »kvíslar« komi:
      spaðar, steðjar, sleggjur, járnkarlar, ljáblöð.

b) Á eftir orðunum »tómir pokar« komi:
strigi, mottur, fiskinet, kork.
c) Á eftir orðunum »tilbúin segl« komi:
segldúkar.
d) Á eftir orðinu »bensin« komi:
fastur vjelaáburður.
e) Á eftir orðinu »járnbrautarteinar« komi:
spengur, rær og gaddar til járnbrautargerðar.
f) Orðin »gufukatlar, gufuvjelar, gufuvagnar, bifreiðar«, falli burtu.

2. Við 1. gr. 6. málsgrein orðist svo:
Af allskonar vefnaðarvöru, fatnaði, öðrum en olíufatnaði (þar með talinn allskonar skófatnaður), tvinna og allskonar garni, öðru en allskonar seglgarni og netagarni, 0,60 kr. af hverjum 10 kílógr.

3. Við 1. gr. 1. setning næst síðustu málsgreinar orðist svo:
Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 0,20 kr. af hverjum 10 kílógr.

4. Við 1. gr. Á eftir orðinu »hey« í síðustu málsgrein komi:
síld til beitu.

Alþingi 3. ágúst 1914.

Kristinn Daníelsson,
formaður
með fyrirvara.

Karl Einarsson,
skrifari og framsögum.

Steingrímur Jónsson.